

Talþjálfun

Fræðsluskrifstofa í Sveitarfélaginu Húnabyggð er með samning við Tröppu sem sinnir talþjálfun á svæðinu. Þjónustan er í umsjón Fræðsluskrifstofu sem fær úthlutað tímafjölda fyrir nemendur Húnaskóla. Einnig fara allar tilvísanir/beiðnir til fræðsluskrifstofu.

Ferlið er eftirfarandi:

- Umsjónarkennari/-ar sendir inn tilvísun/beiðni, í samstarfi við foreldra, til nemendaverndarráðs sem tekur hana fyrir.
- Eftir að nemendaverndarráð hefur tekið tilvísunina fyrir er gerð formleg beiðni, sem foreldrar þurfa að undirrita, til fræðslustjóra sem áframsendir til Tröppu.
- Þegar komið er að barninu hjá talmeinafræðingi Tröppu, er það tekið í mat/greiningu. Talmeinafræðingur boðar barn og foreldra.
- Í framhaldi af greiningu fá foreldrar og skóli, upplýsingar um framhaldið frá talmeinafræðingi. Þ.e. hvort þörf sé á líkamlegu inngripi (t.d. að skera á tunguhaft) eða inngripi í formi þjálfunar.
- Foreldrar þurfa að fá tilvísun frá heimilislækni, vegna talþjálfunar, þar sem talþjálfun er niðurgreidd af SÍ. Þessa tilvísun þarf að endurnýja á hverju ári.
- Í boði er að barnið fari í talþjálfun á skólatíma, í gegnum fjarfundarbúnað (Kara connect). Foreldrar sitja með barni sínu þá tíma. Talmeinafræðingur finnur tíma í samráði við deildarstjóra stoðþjónustu.
- Foreldrar geta einnig kosið að talþjálfun fari fram utan skólatíma, t.d. í gegnum fjarfundarbúnað. Sú beiðni þarf að koma fram í upphafi svo talmeinafræðingur geti í samstarfi við foreldra fundið heppilega tímasetningu.
- Foreldrar geta einnig kosið að fara til talmeinafræðings, en gera það þá á eigin kostnað (ferðir) og í samráði við talmeinafræðing.
- Ef barn hefur verið í talþjálfun í leikskóla og þörf er á áframhaldandi þjálfun, sér talmeinafræðingur um skipulag þeirrar þjálfunar. Ef barn var í talþjálfun hjá öðrum aðila en fræðsluskrifstofa hefur samning við, þá er það foreldra að upplýsa skólann

(umsjónarkennara og/eða deildarstjóra stoðþjónustu). Foreldrar og viðkomandi talmeinafræðingur halda utan um og skipuleggja þjálfun.

Aðkoma Húnaskóla að talþjálfun:

Starfsmenn Húnaskóla eru ekki talmeinafræðingar og sinna því ekki talþjálfun. Ekki er heldur á þeirra hendi að sitja með nemendum þá tíma sem nemendur fá í talþjálfun, það er þó gert þegar foreldrar komast ekki frá. Það á að heyra til undantekninga.

Húnaskóli býður upp á aðstöðu í skólanum, til þess að sem minnst röskun verði á námi nemenda sem og að einfalda aðgengi foreldra eins og kostur er. Tímarnir fara að öllu jöfnu fram á skólatíma nemenda en það er umsemjanlegt í samráði við talmeinafræðing, eins og áður hefur komið fram. Starfsmaður Húnaskóla aðstoðar foreldra og barn við að tengjast fjarfundarbúnaði, ef þess þarf.

Foreldrar fá upplýsingar frá talmeinafræðingi um tímasetningar og fjölda tíma sem í boði eru.

Deildarstjóri stoðþjónustu á í samskiptum við talmeinafræðing og er upplýstur um stöðu nemenda.

Ef kennarar hafa tæk á og þekkingu, reyna þeir að leiðsegja barni innan skólafunnar, með þeim fyrirvara að þeir hafi fengið leiðbeiningar frá talmeinafræðingi um viðkomandi barn. Oft hafa kennara nýtt sér þær leiðbeiningar með öllum bekknum, ef svo ber undir.

Framkvæmd talþjálfunar:

Foreldrar fá tölvupóst frá talmeinafræðingi um boðun í talþjálfun.

Nemendur fara í lotur í talþjálfun, t.d. í 6 vikur, 1x í viku. Fundirnir fara í gegnum fjarfundarbúnað, Köru connect og eru boðaðir með tölvupósti.

Alltaf er gert ráð fyrir að foreldrar mæti með sínu barni, nema þeir hafi samband við skólann tímanlega, ef þeir komast ómögulega frá og þá reynir skólinn að manna tímann með barninu, svo tímar falli ekki niður. Ekki er þó alltaf hægt að verða við því.

Foreldrar fá tölvupóst frá talmeinafræðingur ef hann hefur lokið vinnu með barni, eða barnið komin í hlé frá talþjálfun, þá þarf áframhaldandi þjálfun að fara fram heima. Það sama á við ef talmeinafræðingur telur að þjálfunar sé ekki þörf eða myndi ekki skila tilætluðum árangri.

Að öllu jöfnu fá foreldrar leiðsögn í lok hvers tíma hjá talmeinafræðingi um hvernig best sé að halda þjálfun áfram heima fyrir.

Foreldrar eiga að fá tölvupóst frá talmeinafræðingi, bæði þegar barnið byrjar í talþjálfun og einnig þegar það er búið eða komið í hlé frá þjálfun.

Mikilvægi þess að foreldrar eða annar aðstandi barns komi að talþjálfun:

Talþjálfun er utan allrar almennrar kennslu innan skólans. Þjálfunin er til þess að rétta af þegar vandi er til staðar, svo að skólinn geti í framhaldinu tekið við með almennri bekkjarkennslu.

Foreldrar eða annar aðstandi verður að vera viðstaddur þjálfunina til þess að geta viðhaldið þeirri þjálfun sem á sér stað og viti hvernig eigi að framkvæma hana. Ef foreldri/aðstandandi er ekki viðstaddur þjálfunina getur foreldrið gert ástandið verra með því að leiðrétta/þjálfva barn án þess að hafa fengið til þess rétt verkfæri.

Að lokum:

Árangur á talþjálfun næst þegar foreldri/aðstandandi er viðstaddur þegar talmeinafræðingur hittir barnið og viðheldur þjálfun heima.